

# HÚSÖNDIN

17.tbl. 4.árg.  
26. maí 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 27. MAÍ - 1. JÚNÍ

27.5. Þóra Ottósdóttir, Ingunn Eva Halldórsdóttir

28.5. Þuríður Pétursdóttir, Sonja Rut Stefánsdóttir

29.5. Bergþóra Eysteinsdóttir

31.5. Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson, Alina Kiskurno

1.6. Ólafur Pröstur Stefánsson, Friðjón Jóhannsson, Margus Kaeaer

## Músík í Mývatnssveit

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin dagana 28. og 29. maí.

### Tónleikar í Reykjavíldarkirkju föstudaginn 28. maí kl. 21:00

Tónlist eftir m.a. J.S.Bach, Haydn, Mozart og íslensk tónskáld

### Tónleikar í Skjólbrekku laugardaginn 29. maí kl. 20:00

Tónlist eftir m.a. Beethoven, Verdi, Rossini, Bellini og íslensk tónskáld.

Flytjendur eru:

Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran

Kristinn Sigmundsson bassi

Laufey Sigurðardóttir fiðla

Peter Maté píanó

Miðasala við innganginn. Sóttvarnir verða viðhafðar samkvæmt settum reglum.

Rampar fyrir hjólastóla á báðum tónleikastöðum.

Velkomin !

# ORKUBOMBA VIÐ MÝVATN

## 28.-30. MAÍ

FÖSTUDAGUR 28. MAÍ

18:00 - HRAUNHLAUPIÐ  
21:00 - TÓNLEIKAR Í REYKJAHLÍÐAR-KIRKJU - BARROK PERLUR ÁSAMT TÓNLIST FRÁ ÝMSUM TÍMABILUM TÓNLISTARSÖGUNNAR

LAUGARDAGUR 29. MAÍ

09:45 - MÝVATNSHRINGURINN 42 KM  
10:00 - MÝVATNSMARAPON 42 KM  
12:00 - MÝVATNSMARAPON 21 KM  
13:00 - MÝVATNSMARAPON 10 KM  
12:00 - 18:00 - MARKAÐUR Í KAFFI BORGUM.  
*MATVÖRUR, HANDVERK OG HANNYRÐIR*  
12:00 - 13:00 - JÓLASVEINARNIR Í DIMMUBORGUM  
HEILSA GESTUM OG GANGANDI  
13:00 - 17:00 - RATLEIKUR Í DIMMUBORGUM  
20:00 - KAMMERTÓNLEIKAR Í SKJÓLBREKKU

SUNNUDAGUR 30. MAÍ

11:00 - 13:00 - OPIÐ HÚS HJÁ SNOW DOGS Í VALLHOLTI

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN ERU OPIN  
FRÁ 12:00 - 22:00 ÞESSA HELGI

**SKRÁNING Í KEPPNIR,  
TILBOÐ Í AFRPEYINGU, MAT OG GISTINGU  
OG ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á  
WWW.MYVATNMARATHON.COM**



MÝVATNS HRINGURINN

HRAUNHLAUPIÐ



MÝVATNS MARAPON



MÝVATN  
NATURE BATHS



English below

Kæru sveitigar, takk fyrir að taka þátt í ruslahreinsuninni vorið 2021.

Við þökkum Jarðböðunum kærlega fyrir aðstoð og fyrir að gefa frítt í Lónið. Krambúðin fær líka kærar þakkir fyrir styrk sem við notuðum til að borga fyrir veitingar úr heimabyggð, pizza frá Daddis og ís frá Skútaís.

Endilega sendið á Fjöregg og/eða Skútustaðahrepp ef þið eruð með einhverjar hugmyndir til að gera gott enn betra ([valerija@skutustadahreppur.is](mailto:valerija@skutustadahreppur.is)).

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag og fékk nýlega verðlaun frá Landgræðslunni. Reykjahlíðarskóli og Leikskólinn Ylur eru að vinna Grænfánaverkefni og báðir skólar eru Heilsueflandi skólar. Við ættum því að geta gert ruslahreinsun í Mývatnssveit tvívar á ári. Við stefnum því á annan viðburð í september til að hreinsa sveitina eftir sumrið - með pizza og ís og Lónið :)

Kær kveðja,  
Fjöregg og Skútustaðahreppur



Dear people of Mývatn, thank you for taking part in annual garbage clean up campaign.

Thank you to the Nature Baths for help with the event and for the free entrance to the baths.

We are also saying thank you to the store Krambúðin for their grant that we spent on pizza from Daddis pizza and icecream from Skútaís for the event. Please send your ideas how to make this event better to Fjöregg or Skutustaðahreppur ([valerija@skutustadahreppur.is](mailto:valerija@skutustadahreppur.is))

Our municipality received an award from The Soil Conservation Service of Iceland, our school and kindergarten are working on projects in Eco Schools Iceland, both are Health-promoting schools, our community is Health-promoting community. We can do garbage clean up in Mývatn twice a year. There will be the same event in September to clean up after the summer, with pizza, icecream and a bath afterwards.

Yours sincerely,  
Fjöregg - Association for nature conservation and healthy environment in Mývatnssveit (non-profit organization) and our municipality Skutustaðahreppur



## Tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2021

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs auglýsir til kynningar tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, á grundvelli 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

Í breytingatillöggunni eru einungis tekin fyrir afmörkuð atriði, þar sem heildarendurskoðun áætlunarinnar stendur fyrir dyrum.

Tillagan er aðgengileg á vef þjóðgarðsins, [www.vjp.is](http://www.vjp.is) frá 21. maí til og með 9. ágúst 2021 og eru áhugasamir hvattir til að kynna sér efni hennar.

Athugasemdir skulu sendar eigi síðar en 9. ágúst 2021 í gegnum hlekk á vef þjóðgarðsins ([www.vjp.is](http://www.vjp.is)) eða í bréfpósti á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ.

Tillagan verður kynnt á eftirfarandi veffundum og má nálgast tengla á þá fundi á vef og Facebook-síðu Vatnajökulsþjóðgarðs:

**Vestursvæði:** Mánudagurinn 31. maí kl 17

**Þjóðgarðurinn í heild-almenn ákvæði:** Þriðjudagurinn 1. júní kl. 17

**Austursvæði:** Miðvikudagurinn 2. júní kl 17

**Norðursvæði:** Fimmtudagurinn 3. júní kl 17

**Suðursvæði:** Mánudagurinn 7. júní kl 17

Upptökur frá kynningarfundum verða aðgengilegar á vef þjóðgarðsins á kynningartíma tillögunnar. Frekari upplýsingar um tillöguna má nálgast hjá verkefnastjóra: [johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is](mailto:johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is).

**Verið velkomin í Vatnajökulsþjóðgarð!**

## Vantar þig merkingar á:

Útihurðina? Póstkassann? Hillurnar? Herbergishurðina? Nú eða bara hvað sem er?



Laser sker merki í ABC plast í eftirfarandi litum, svartur, hvítur, gull, silfur og rauðt.



Geta verið í ýmsum formum, með skrauti eða bara texti.



Get einnig merkt í gler, timbur, leður ofl.  
Skiltin geta verið allt að 40 x 60 cm að stærð.



Sjáið fleiri dæmi á facebook síðu  
Snæuglunnar

<https://www.facebook.com/snaeuglanhf/>



Einnig hægt að hafa samband við Pétur Bjarna í síma 856 1163 og netfang [petur@nett.is](mailto:petur@nett.is)



# The public voting on the merger of municipalities Skútustaðahreppur and Þingeyjarsveit is on Saturday, June 5th, 2021.

**Who can vote?** Icelandic citizens who are domiciled in either municipality and have reached the age of 18 on election day. Danish, Finnish, Norwegian and Swedish citizens who have been domiciled in Iceland for 3 consecutive years before election day have the right to vote. Other foreign nationals who have been domiciled in Iceland for 5 consecutive years before election day have the right to vote.

The register of electors is available for public inspection at the offices of the municipal council. Individuals can also see if they are registered at the national register online; <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>

Information about the possible merger is available in **English** at [www.thingeingur.is/is/englishpolskie](http://www.thingeingur.is/is/englishpolskie) where you can also send questions to the merger committee below **fyrirspurnir**; [https://www.thingeingur.is/is/hafa-samband](http://www.thingeingur.is/is/hafa-samband)

**Absentee voting** has started at the District Commissioners' offices all over the country and will be open as well at the municipality offices on:

- Tuesday May 25th 10:00 – 15:00
- Wednesday May 26th 10:00 – 15:00
- Tuesday June 1st 10:00 – 15:00
- Wednesday June 2nd 10:00 – 15:00
- Thursday June 3rd 10:00 – 15:00

## Polling day, June 5<sup>th</sup>:

The polling station in Skútustaðahreppur will be in **Skjólbrekka** and is open from **10 – 22**.

The polling station in Þingeyjarsveit will be in **Ljósvetningabúð** and is open from **10 – 22**.

The electoral commissions of each respective municipality will be at the relevant polling station on election day. **Remember to bring your ID with you!**

The counting of votes takes place at the polling stations and begins after they have been closed. Votes will be counted, and results published in each municipality.

The preparation, implementation and completion of local government elections is governed by the Local Government Elections Act no. 5/1998.

YOUR VOTE MATTERS!



*The electoral commissions of Skútustaðahreppur and Þingeyjarsveit*



Tónasmíðjan  
og gestir

Tónleikasýning  
**Í GEGNUM  
TÍÐINA**

í Húsavíkurkirkju 3. júní 2021 kl. 20:00



Heiðursgestir:

Jens Hansson saxafónleikari og  
Stefán Jakobsson söngvari

Hópur flytjenda á ýmsum aldri kemur fram, einsöngvarar, bakraddir og hljómsveit.

Flutt verður tónlist sem hefur fylgt okkur í gegnum tíðina. Lög með flytjendum eins og Sálinni hans Jóns míns, Rolling Stones, Bubba, Guns'n' roses, Tina Turner, Jóni Jónssyni og fleirum.

Miðaverð: 2500 krónur/1000 krónur fyrir 10 ára og yngri.

Miðasala inná: thuskiptirmali@gmail.com

Skráð verða nöfn, kennitölur og símanúmer þeirra  
sem sýninguna sækja og tengdir aðilar mega sitja saman.  
Grímuskylda.



Ágóði mun renna til  
Húsavíkurkirkju.



# **Publiczne głosowanie w sprawie połączenia Skútustaðahreppur i Þingeyjarsveit odbędzie się w sobotę 5 czerwca 2021 roku.**

**Kto może głosować?** O fuzji mogą głosować obywatele Islandii , którzy mają miejsce zameldowania, w jednej z gmin i ukończyli 18 lat .

Obywatele Polski , którzy mają miejsce zameldowania w jednej z gmin i mieszkają na Islandii co najmniej 5 lat lub posiadają obywatelstwo islandzkie.

Listy wyborców znajdują się w biurach danej gminy. Osoby mogą zobaczyć, czy są zapisane na listę oraz gdzie mogą głosować na stronie <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>

**Więcej informacji można znaleźć na stronie:** [www.thingeingur.is/is/englishpolskie](http://www.thingeingur.is/is/englishpolskie)  
Zapraszamy do przesyłania pytań do komitetu, do spraw połączeń na stronie: [www.thingeingur.is](http://www.thingeingur.is) pod linkiem *fyrirspurnir*; <https://www.thingeingur.is/is/hafa-samband>

Wcześniejsze głosowanie rozpoczęło się w biurach komisarzy okręgowych w całym kraju i będzie otwarte również w urzędach gmin w dniach:

- Wtorek 25 maja 10:00 - 15:00
- Środa, 26 maja, 10:00 - 15:00
- Wtorek, 1 czerwca, 10:00 - 15:00
- Środa 2 czerwca 10:00 - 15:00
- Czwartek, 3 czerwca, 10:00 - 15:00

## **Dzień głosowania, 5 czerwca:**

Lokal wyborczy w Skútustaðahreppur będzie znajdował się w **Skjólbrekka** i będzie otwarty od **10 – 22**.

Lokal wyborczy w Þingeyjarsveit będzie znajdował się w **Ljósvetningabúð** i będzie otwarty w godzinach **10 – 22**.

Komisje wyborcze obu gmin będą w dniu wyborów we właściwych lokalach wyborczych. Pamiętaj, aby zabrać ze sobą dowód osobisty!

Liczenie głosów odbywa się w lokalach wyborczych i rozpoczyna się po ich zamknięciu. Głosy będą liczone, a wyniki publikowane w każdej gminie.

Przygotowanie i przeprowadzanie wyborów samorządowych reguluje ustanowiona o wyborach samorządowych nr. 5/1998.

**LICZY SIĘ TWÓJ GŁOS!**



*komisja wyborcza Skútustaðahreppur i Þingeyjarsveit*



## Auglýsing um skipulagsmál í Skútustaðahreppi Skipulagslýsing vegna deiliskipulags Bjarkar

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir Björk, Skútustaðahreppi. Um er að ræða 4,24 ha svæði sem mun ná utan um tengdar byggingar og íbúðarhús auk tjaldsvæðis.

Deiliskipulagið byggir á grunni deiliskipulags frá árinu 2009 sem tók ekki gildi þar sem það var ekki auglýst innan tímaramma þágildandi skipulagslaga.

Skipulagslýsing, skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með föstudeginum 21. maí til og með föstudeginum 10. júní 2021. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma ábendingum á framfæri er gefinn frestur til og með föstudeginum 10. júní 2021 og skulu athugasemdir berast til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: atli@skutustaðahreppur.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,  
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps



# Utankjörfundaratskvæðagreiðsla

Vegna kosninga um sameiningu sveitarfélögum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar laugardaginn 5. júní 2021.

Hægt er að kjósa utan kjörfundar hjá öllum sýslumannsembættum landsins á afgreiðslutíma. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer líka fram á skrifstofum sveitarfélögum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

- *Priðjudaginn 25. maí frá kl. 10:00 – 15:00*
- *Miðvikudaginn 26. maí frá kl. 10:00 – 15:00*
- *Priðjudaginn 1. júní frá kl. 10:00 – 15:00*
- *Miðvikudaginn 2. júní frá kl. 10:00 – 15:00*
- *Fimmtudaginn 3. júní frá kl. 10:00 – 15:00*

Utankjörfundaratskvæðagreiðsla á sjúkrastofnunum mun fara fram í samráði við forstöðumenn þeirra og verður auglýst frekar innan viðkomandi stofnana. Ósk um atkvæðagreiðslu í heimhúsi vegna sjúkdóms, fótlunar eða barnsburðar skal hafa borist sýslumanni á sérstöku eyðublað í síðasta lagi 1. júní 2021 kl. 16:00.

Hægt er að skoða tillögu um sameiningu sveitarfélögana á thingeingur.is. Undir flípanum **fréttir** er hægt að horfa á íbúafundi sem fram fóru í Skjólbrekku og Ýdöldum nýverið. Að auki er hægt að lesa þær spurningar sem komu fram á íbúafundum og svör við þeim í **spurt og svarað**. Í fyrirspurnir geta íbúar sent samstarfsnefndinni spurningar og ábendingar.

Þitt atkvæði skiptir máli!



## Kjörstaðir sameiningarkosninga 5. júní

Laugardaginn 5. júní næstkomandi fara fram kosningar um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Rétt til að kjósa hafa allir 18 ára og eldri sem eru á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Kjörskrár liggja frammi á skrifstofum sveitarfélögum og munu liggja þar til kl. 12:30 föstudaginn 4. júní. Einstaklingar geta líka athugað hvort þeir séu á kjörskrá og hvar þeir eigi að kjósa á heimasiðu Þjóðskrár  
<https://skra.is/um-okkur/frettir/frett/2021/05/18/Sameiningakosningar-5.-juni-2021-Hvar-a-eg-ad-kjosa/>

**Kjósendar skulu hafa meðferðis persónuskilríki.**

Kjörfundir fara fram í hverju sveitarfélagi og verða þeir opnir sem hér segir:

Kjörfundur í Skútustaðahreppi fer fram í **Skjólbrekku** frá kl. **10 – 22**.

Kjörfundur í Þingeyjarsveit fer fram í **Ljósvetningabúð** frá kl. **10 – 22**.

Aðsetur kjörstjórnar verður á viðkomandi kjörstað á kjördag.

Talning atkvæða fer fram á sama stað og hefst eftir að öllum kjörstöðum hefur verið lokað. Verða atkvæði talin og úrslit birt í hverju sveitarfélagi.

Um undirbúning, framkvæmd og frágang sveitarstjórnarkosninga fer eftir lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.

*Kjörstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar*



## Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

### UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA

**vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Skútustaðahrepps  
og Þingeyjarsveitar laugardaginn 5. júní 2021.**

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram á skrifstofum embættisins á afgreiðslutíma, mánudaga til fimmtudaga 9:00 - 15:00 og föstudaga kl. 9:00 - 14:00, á

- Akureyri, Hafnarstræti 107
- Húsavík, Útgarði 1
- Siglufirði, Gránugötu 6
- Þórshöfn, Fjarðarvegi 3

Atkvæðagreiðsla fer einnig fram hjá kjörstjórum sýslumanns sem hér segir:

- **Skútustaðahreppur:** Hlíðarvegi 6, Reykjahlíð, og
- **Þingeyjarsveit:** Kjarna, Laugum í Reykjadal:

*Priðjudaginn 25. maí frá kl. 10:00 – 15:00*

*Miðvikudaginn 26. maí frá kl. 10:00 – 15:00*

*Priðjudaginn 1. júní frá kl. 10:00 – 15:00*

*Miðvikudaginn 2. júní frá kl. 10:00 – 15:00*

*Fimmtudaginn 3. júní frá kl. 10:00 – 15:00*

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á sjúkrastofnunum mun fara fram í samráði við forstöðumenn þeirra og verður auglýst frekar innan viðkomandi stofnana.

Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skal hafa borist sýslumanni á sérstöku eyðublað eigi síðar en 1. júní 2021 kl. 16:00.

**Kjósendur eru minntir á að hafa persónuskilríki meðferðis.**

Hægt er að kjósa utan kjörfundar hjá öllum sýslumannsembættum landsins.

17. maí 2021

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Svavar Pálsson



## **Tillögur íbúa og áform landeigenda Endurskoðun aðalskipulags Skútustaðahrepps**

Íbúar og landeigendur eru hvattir til þess að koma á framfæri sjónarmiðum um uppbyggingu og framtíðarsýn í nýtt aðalskipulag fyrir Skútustaðahrepp fyrir 1. júní 2021.

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með tölvupósti á [tillogur@skutustadahreppur.is](mailto:tillogur@skutustadahreppur.is)

Mögulegt er að bóka fund með skipulagsfulltrúa í síma 4646664